



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga og landshlutasamtaka
sveitarfélaga

Reykjavík 15. febrúar 2023

2009182SA GB
Málalykill: 16.10

Efni: Viðbúnaður vegna vinnustöðvunar Eflingar stéttarfélags

Eins og kunnugt er hófst í dag vinnustöðvun Eflingar stéttarfélags, sem m.a. veldur því að bílstjórar sem vinna að dreifingu eldsneytis leggja niður vinnu. Vegna þessa hafa almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra og ráðuneyti bent á mikilvægi þess að sveitarstjórnir hugi vel að viðbúnaði og áfallapoli til að tryggja að ekki skapist hættuástand.

Áhrif vinnustöðvunar ráðast ekki síst af því hve lengi hún varir en um það ríkir eðlilega óvissa á þessu stigi. Til efni er til að sveitarstjórnir/almannavarnanefndir kanni á þessu stigi áfallapol innan sinna marka og sérstaklega í sinni starfsemi, sbr. 16. gr. laga nr. 82/2008 um almannavarnir. Í því getur m.a. falist að kanna stöðu eldsneytisbirgða og áætlaðan endingartíma. Einnig hvaðan eldsneytisbirgðir berast og áætluð áhrif verkfallsins á endurnýjun birgða. Í sömu lagagrein er gert ráð fyrir því að gerðar séu viðbragðsáætlanir en lausleg könnun meðal sveitarfélaga bendir til þess að fátítt sé að viðbragðsáætlanir vegna verkfalla séu til staðar hjá sveitarfélögum.

Eflaust hafa einhver sveitarfélög nú þegar kortlagt hvernig áhrif vinnustöðvunar gætu haft áhrif á starfsemi þeirra. Í tölvupósti sem kjarasvið sambandsins sendi til allra sveitarfélaga 14. febrúar sl. er vakin athygli á að mögulegt er að senda inn undanþágubeiðnir til að tryggja afgreiðslu á eldsneyti vegna starfsemi sem þarf að njóta forgangs. Sem dæmi má nefna að tryggja þarf að starfsemi brunavarna og sjúkraflutninga haldist óskert. Sama á við um þjónustu við viðkvæma hópa, svo sem vegna stuðnings- og stoðþjónustu.

Undanþágubeiðnum skal beint til undanþágunefndar Eflingar stéttarfélags. Almenn er gengið út frá því að vel rökstuddar undanþágubeiðnir sem snúa að almannaöryggi fáist samþykktar. Fallist hefur verið á veitingu undanþága fyrir skólaakstur en hins vegar ekki akstur sem tengist frístundastarfi.

Undanþágur eru a.m.k. enn sem komið er ekki veittar fyrir einkabíla starfsmanna. Framkvæmd hvað þetta varðar, m.a. hvað varðar ferðir starfsmanna til og frá vinnu þar sem ekki er möguleiki á að nýta almenningsamgöngur, mun væntanlega skýrast frekar á næstu dögum.

Eðlilegt er að við könnun á áfallapoli vegna langvarandi vinnustöðvunar sem leitt getur til alvarlegs eldsneytisskorts horfi sveitarstjórnir á málið út frá lögum um almannavarnir. Benda má á að í 27. gr. laga um almannavarnir er ríkisstjórninni heimilað, ef almannaheill krefur vegna hættu á náttúruhamförum, farsóttum, hernaðaraðgerðum, hryðjuverkum eða annarrar hættu, að gefa út fyrirsmæli um


sölu og dreifingu nauðsynja sem til eru í landinu eða taka eignarnámi matvæli, eldsneyti, varahluti, lyf og aðrar nauðsynjar sem hættu er á að gangi fljótt til þurrðar.

Ef á framangreinda heimild ríkisstjórnarinnar reynir er mikilvægt að sveitarstjórnir hafi skilgreint forgangsörðun við mögulega skömmun á eldsneyti. Út frá almannavarnalögum ætti, auk framangreindrar forgangsstarfsemi, m.a. að horfa til þess að tryggja eldsneyti á ökutæki sem nauðsynleg eru til að tryggja viðbúnað vegna náttúruhamfara eða annarrar hættu. Þetta getur t.d. átt við snjósmoksturstæki, búnað og farartæki veitustofnana og hafna og annan búnað sem stuðlar að öryggi íbúa og innviða. Til lengri tíma getur einnig þurft að horfa til þess að hægt sé að tryggja örugga söfnun og meðhöndlun úrgangs og fleiri atriði munu án efa koma til skoðunar ef kjaradeilan dregst á langinn.

Að lokum er minnt á að undanþágubeiðnir má senda til Eflingar á netfangið undanthagunefnd@efling.is

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri